

Nr. 53 Hinn sameiginlegi brunabótasjóður eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905,
28. nóv. sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917, skal hafa sömu stjórn og Brunabótafjelag Íslands og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaður milli þeirra skiftist eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars er fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

10. gr.

26. gr. laganna falli burtu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.

Nr. 54
28. nóv.

Lög

um

löggilding verslunarstaðar á Mýramel.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á Mýramel í Dýrafirði skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslun-

arlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Nr. 54 Stjórnartíðindanna. 28. nóv.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 28 nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson

Lög

Nr. 55
28. nóv.

um

breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept, 1885, m. m.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stjórn Landsbankans eru þrjú bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Skal einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.